

Félag löggiltra  
endurskoðenda

Reykjavík 19. maí 2011  
Tilvísun FLE 17-2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

b/t Kristjana Benediktsdóttir

**Málefni: Frumvarp til laga um ársreikninga ( góðir stjórnunarhættir,  
EES reglur) 698 mál.**

Með tölvupósti dags. 11. maí s.l. óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

- Í 2. málsgrein 1. greinar frumvarpsins kemur fram að „... skal árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi sínum“. Álitsnefndin leggur til að þetta orðalag verði breytt í „... skal árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi sínum skýrslu stjórnar“.

Nefndin telur að hér sé á ferðinni annars vegar misskilningur um það hvað „ársreikningur“ er og hins vegar að ekki sé verið að innleiða tilskipun ESB nr. 2006/46/EB með réttum hætti.

Í fyrsta lagi skiptast ársreikningar ekki í „kafla“ þannig að það er óviðeigandi að tala um „sérstakan kafla“ í ársreikningum. Í öðru lagi telur Álitsnefndin að tilskipun ESB nr. 2006/46/EB kveði sérstaklega á um að yfirlýsingin komi fram í „skýrslu stjórnar“, sbr. 7. tölul. 1. gr. tilskipunarinnar:

*„... That statement shall be included as a specific section of the annual report ...“*

Þess ber að geta að hugtökin „annual report“ og „annual accounts“ fela í sér mismunandi hluti og ekki megi rugla þeim saman (a.m.k. ekki á ensku...). Hugtökin koma fram í fjórðu tilskipun ESB (nr. 78/660/EEC) og ætti hugtakið „Annual accounts“ að vera þýtt á íslensku sem „ársreikningur“ en hugtakið „annual report“ sem „ársskýrsla“. Hugtakið „Annual report“ var hins vegar þýtt sem „skýrsla stjórnar“ við setningu laga nr. 144/1994 til að koma í veg fyrir hugsanlegan misskilning. Eftirfarandi kom fram í athugasemdum við 52. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 144/1994:

*„Þessi grein fjallar um skýrslu stjórnar félags. Er greinin í samræmi við 46. gr. 4. tilskipunar. Skýrsla stjórnar skal vera hluti ársreiknings þegar þar er að finna upplýsingar sem skylt er að veita samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, sbr. 36. gr. Sambærileg ákvæði eru í 103. gr. hlutafélagalaga og í 3. mgr. 65. gr. samvinnufélagalaga. Vakin er athygli á að í frumvarpi þessu er skýrsla þessi ávallt nefnd skýrsla stjórnar en í lögum um hlutafélög er hún nefnd ársskýrsla. Sú nafngift er talin geta valdið misskilningi þar sem heitið ársskýrsla er oft notað um ársreikninga ásamt fylgigögnum þeirra. Er því lagt til að gera þennan greinarmun á hugtökum.“*

Hitt er svo annað mál að á Íslandi er „skýrsla stjórnar“ innifalin í „ársreikningnum“ (þ.e. hún er skilgreind sem aðgreindur hluti ársreiknings, sbr. 3. gr. ársreikningalaga). Þetta fyrirkomulag byggir væntanlega á eftirfarandi heimild í 2. gr. fjórðu tilskipunar ESB, þar sem fram kemur:

*„The annual accounts shall comprise the balance sheet, the profit and loss account and the notes on the accounts. These documents shall constitute a composite whole.*


*Member States may permit or require the inclusion of other statements in the annual accounts in addition to the documents referred to in the first subparagraph.“*

Álitsnefndin vill því koma þeirri almennu athugasemd á framfæri að skýrsla stjórnar eigi ekki að vera hluti ársreiknings, þar sem hún felur í sér umfjöllun stjórnar um ársreikninginn og staðfestingu hennar á honum og á að fylgja ársreikningnum á sama hátt og áritun endurskoðanda fylgir ársreikningnum.

- Í 2. tölulið 1. greinar frumvarpsins kemur fram að „Lýsing á helstu þáttum innra eftirlitskerfis og áhættustýringarkerfi félagsins í tengslum við samningu reikningsskila“. Álitsnefndin vill leggja til að orðalagi verði breytt í „Lýsing á helstu þáttum innra eftirlitskerfis og áhættustýringarkerfja félagsins í tengslum við samningu ferli um gerð og framsetningu reikningsskila“.

- Álitsnefnd FLE vill jafnframt nota tækifærið og koma á framfæri þeirri almennu hvatningu um lagfæringu á þeim ákvæðum í núgildandi ársreikningalögum sem snúa að skoðunarmönnum, en ákvæði um þá eru í andstöðu við ákvæði laga um endurskoðendur (79/2008).

Virðingarfyllt,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

  
Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE